

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1987

26. júní 1987

577

Nr. 298

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilsstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 68,15

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.

Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 3 644,00

B.2 Án húshitunar.

Mælagjald á mánuði kr. 304,35

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundradshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300m² 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituaðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald kr.11 079,00

C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m

lengd frá lóðarmörkum kr. 1 388,00

B 38

5. gr.

D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald	kr. 414,00
D.2 Skammtabreytingargjald	kr. 414,00
D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 414,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjalds samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. júní 1987, 314 stig.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 8, 14. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 26. júní 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 436,00		3,51
A2 Almenn notkun. Öll alm. notkun ótalin annars staðar	1 436,00		3,99
A3 Mannvirkjagerð	1 436,00		5,64
Afltaxtar.			
B1 Afl- og orkumæling	2 871,00	4.974	1,08
B2 Sértaxti Gefjunar	2 871,00	5 045,00	0,59/0,53
B3 Götu- og hafnarlýsing			
Hitataxtar.			
C1 Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	2 871,00		1,53
C2 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	2 871,00		1,18
C3 Órofin hitun	2 871,00		2,76/1,74